



Skólaráðsfundur

12. febrúar 2021

Mætt eru: UGE, ÞAA, ÞHJ, Hrafn, Agnes, Jón og Þorvaldur úr grenndarsamfélagi (Golfvellinum).
Fjarverandi: Þóra, Fríða. Fundarritari Þórey Huld.

ÞAA setur fund ný kjörins skólaráðs kl. 15.03. Létt kynning á þeim sem mættir eru.

Dagskrá:

1. Staðan í skólanum

Staða skólans er sú að hér eru 90 grunnskólabörn og 158 leikskólabörn. Það bættist hratt í starfsmannahóp leikskólastigs því stigið stækkar enn meira á vikur. Neðri hæð grunnskólastigs verður tekið undir leikskólastarf og hér verða um 220 leikskólabörn næsta skólavetur. Á næstu dögum verður rýnt í lóðina, því útirýmið gerir ekki ráð fyrir þessum fjölda. Það þarf að hliðra til aðkomu tónlistarskólans og bókasafnsins vegna þessara tímabundnu breytinga í húsinu.

Mönnun hefur gengið vel, búið að ráða 12 nýja starfsmenn inn núna til að hægt sé að hefja aðlögun nýrra barna upp úr miðjum mars. Þá þarf að færa til börn og starfsmenn í húsinu og verða börn færð þangað sem þau eiga að vera næsta skólaár. Þessar tilfærslur hafa áhrif á börn, starfsfólk og foreldra og mikilvægt að við náum að anda okkur í gegnum þetta saman.

Búið er að heimila viðbót við stjórnendateymi skólans, búið er að auglýsa eftir aðstoðarskólastjóra leikskólastigs. Þrjár umsóknir bárust og viðtöl fara fram í næstu viku. Reynt að tilkynna sem fyrst um niðurstöður ráðningar.

Skólalíf hefur gengið vel í Covid, aðeins þurfti að loka einu sóttvarnarhólfi í þrjá daga. Foreldrar hafa unnið vel með skólanum í þessu ástandi. Fyrir jólin náðist, þrátt fyrir takmarkanir, að þiggja boð frá Golfklúbbnum þar sem eldri leikskólabörn og grunnskólabörn fóru í kakó og hittu jólasvein.

Nú eru aðeins orðnar rýmkanir í húsinu vegna sóttvarnartilmæla og foreldrar aðeins farnir að mega stíga inn í húsið á leikskólastigi.

ÞAA vísar í landslið starfsfólks sem hefur staðið sig vel í öllum Covid takmörkunum og náð að halda í gleði, jákvæðni og kærleika þrátt fyrir oft erfiðar aðstæður.

Fyrirspurn frá Jóni varðandi samsetningu barnahóps: ÞAA svarar - Samsetning barnahóps innanhúss er á leikskólastigi þannig að nánast öll búa í hverfinu, á meðan að á grunnskólastigi eru örfá sem búa utan hverfis.

2. Skólanámskrá Urriðaholtsskóla



Ekki er búið að vígja skólann, Jón og Hrafn lýsa yfir undrun sinni á því. ÞAA segir frá því að skólinn eigi afmæli síðasta vetrardag og að á fyrsta afmælinu hafi verið kökukaffi. Það sé þó ekki búin að vera formleg vígsla og þörf er á slíku um leið og hægt er.

Hrafn

er ánægður með námskránnu og að fá innsýn inn í þá sýn sem starfað er eftir, telur að námskráin ætti að vera skyldulesning fyrir alla foreldra.

Jón telur námskrána endurspegla skólastarfið og að áherslur skólans sjáist vel í starfinu.

Skólanámskráin samþykkt samhljóma.

3. Tillaga að skóladagatali

Á dagatalinu er tillaga grunnskólastigs sem skólar í Garðabæ hafa lagt upp með. Breyting verður á því að í stað dags í loka nóvember verður 11.janúar. Það eru 5 skipulagsdagar á grunnskólastigi og 4 á leikskólastigi. Samræmt fyrir alla leik- og grunnskóla bæjarins. Vetrarfrí grunnskólabarna er heil vika og hefur verið í mörg ár. Engar athugasemdir og skóladagatal samþykkt.

4. Framkvæmdir við skólann á árinu

Smá leki við glugga sem verður lagað á næstu dögum. Lóðina þarf að taka út og stutt í fund varðandi það, mikilvægt að lóðin sé kláruð áður en næsti byggingarfasi fer í gang. Skipta þarf um brotnar rúður. Þá þarf að stilla upp húsgögnum fyrir ný leikskólavæði. Einnig fjalla um vindvegg/vindbrjót við bílastæðið.

5. liður – Önnur mál.

Jón er einnig í stjórn íbúasamtaka Urriðaholts og spyr hvort það sé hægt að dimma ljósin í skólanum meira á kvöldin – ljósmengun og umhverfissjónarmið. ÞAA svarar og segir að ræstingin sé hér að starfa á kvöldin og það sé allt rafstýrt. Stillingarnar eru þannig að það slokknar allt í öllum rýmum kl 19, nema í miðrymi. ÞAA segir að þetta megi skoða, athuga hvort við getum fengið rofa í miðrymi eða eitthvað slíkt.

Agnes og annað foreldri/starfsmaður áttu fund með Eiríki hjá bænum vegna matarmála. Hittu einnig fulltrúa Skólamatar. Lýstu yfir áhyggjum byggðum á bækling frá Landlæknisembætti. Skólamatur tekur vel í breytingar, kominn nýr kokkur sem er ekki byrjaður að elda. Tilraun var gerð til þess að kynna inn grænmetisrétt í hverri viku sem gekk ekki. Vonandi kemur þessi nýja ráðning til góða þar. Garðabær er kominn á samningsár varðandi matinn. Efla mataruppeldi og fræðslu til barna varðandi mat.

Leikskólamatseðillinn var tekinn inn fyrir bæði skólastig. Heilt yfir er gott samtal við Skólamat. ÞAA segir að það sé verið að rýna öll samningsgögn vel, við erum að skrá samskipti og matinn sem kemur. Þá gæti verið gaman að fá gesti inn í heimilisfræði til að ræða um næringu og hollustu. Rammi settur í kringum kennslu sem er frekar þröngur en hægt að finna svigrúm í kringum það.



Agnes spyr hvort það séu skólagarðar. Sóley Grænforstjóri er að koma af stað moltugerð í litla ræktunarsvæðinu okkar, en annað hefur ekki verið rætt. Eldri börn hafa gróðursett salat ofl til að átta sig á hringrásinni og geta tekið með sér heim. Jón segir að Garðabær styðji ekki nógu vel við moltugerð, Terra sér um að fullvinna fyrir Ikea svo það er spurning hvort það sé hægt að komast inn hjá þeim.

Þorvaldur: Golfklúbburinn vill taka á móti börnum í vor + kennara áður en völlurinn opnar til að kynna golfið. Hefur ekki áhyggjur af því að börn séu að stelast yfir á völlinn, en hefur áhyggjur af umferðinni. Vill fá undirgöng eða eitthvað til að hlífa börnum.

Jón og UGE telja ekkert slíkt vera skipulagt til að börnin komist inn í Heiðmörkina án þess að þurfa að fara yfir veginn.

Umræður um næsta byggingaráfanga, fyrirkomulag á sundlaug, verður hún fyrir almenning eða ekki. Þessir þættir þurfa að komast í umræðu sem fyrst. JFínn tími fyrir þessa fundi að hafa þá kl 15-16.

Annað ekki rætt.

Fundi slitið 16:01.